

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

Samkvæmt 19. gr., sbr. 61. gr., skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hefur utanríkisráðherra þann 24. febrúar 2006 staðfest aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025 nær yfir allt varnarsvæðið á og umhverfis Keflavíkurflugvöll.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og samþykki skipulagsyfirvalda á Keflavíkurflugvelli. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar utanríkisráðherra.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 24. febrúar 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2006